

Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ), kt. 490671-0139 og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 gera með sér svohljóðandi

**Ísafjarðarbær
MÓTTEKID
samning um afreksíþróttasvið MÍ**



**Ísafjarðarbær
MÓTTEKID**

21. feb. 2019

Málsnr. 2018-04-0003
Frumrit - skilið til skjalasafns

MÍ skipuleggur starfsemi afreksíþróttasviðsins. MÍ semur við þjálfara íþróttafélaganna sem munu sinna þjálfun í sínum greinum. MÍ semur við Sjúkraþjálfun Vestfjarða um þrekæfingar fyrir nemendahópinn. MÍ leggur til kennara sem á hverri önn mun sinna einum skilgreindum fræðsluþætti fyrir nemendur á sviðinu. MÍ leggur til húsnaði undir bóklega kennslu, auk rafmagns, nettengingar og kerfisstjórnar og annars rekstrarkostnaðar sem til fellur.

Framlag MÍ á hverju skólaári:

Kennsla í MÍ, laun og launatengd gjöld (4 ein. pr. önn)	1.424.000,-
Styrktarþjálfun	366.000,-
Húsnaði, rafmagn nettenging, kerfisstjórn og annar kostnaður	120.000,-
Kynning og utanumhald	<u>200.000,-</u>
Samtals	<u>2.110.000,-</u>

Ísafjarðarbær leggur til kr. 1.911.613,- fyrir skólaárið 2018-2019. Styrkurinn er ætlaður í launagreiðslur til þjálfara íþróttagreinanna sem í boði eru. Auk þess leggur Ísafjarðarbær til tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi sem eru annars ekki í notkun í samráði við forstöðumenn íþróttamannvirkja.

Samningsaðilum er heimilt að nýta nafn Menntaskólans á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar í kynningar- og forvarnarefni.

Samningurinn gildir í 1 skólaár, skólaárið 2018-2019.

Ísafirði, 21. 02 2019

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Menntaskólans á Ísafirði